

## AUGLÝSING

### um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 5/2007.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið að frá og með 15. maí 2007 teljist kröfur skv. ákvæðum reglugerða ESB nr. 375/2007 og 376/2007, frá 30. mars 2007, vera í gildi gagnvart handhöfum flugrekstrarleyfa útgefnum af stofnunni og samþykktum viðhaldsstöðvum að því marki sem þær ganga ekki gegn reglugerð nr. 205/2007 um lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja og reglugerð nr. 206/2007 um viðvarandi lofthæfi loftfara og flugtækni-legra framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um samþykki fyrir viðhaldsstöðvum og starfsfólki á þessu sviði.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 30. apríl 2007.*

**Pétur K. Maack** flugmálastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. maí 2007